



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

21. nóvember 2014

Umsögn um frv. til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, með síðari breytingum, 305. mál

Líkt og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er markmið þess að kerfisáætlun Landsnets fái traustari grundvöll, sem nauðsynlegt er fyrir áætlun sem lýtur að mikilvægum grunnkerfum landsins. Jafnframt er það markmið frumvarpsins að einfalda fyrirkomulag leyfisveitinga þegar kemur að framkvæmdum við flutningskerfið og gera ferla skilvirkari og gagnsærri hvað það varðar.

Mjög mikilvægt er að þessi markmið nái fram að ganga. Nú er svo komið að flutningskerfi raforku annar víða ekki þeirri eftirspurn sem til staðar er og hamlar það þannig þróun atvinnulífs og byggðar. Framleiðslugeta sumra virkjana er vannýtt, heilir landshlutar búa við takmarkanir í flutningsgetu og ekki er hægt að flytja orku þaðan sem hún er næg yfir til annarra landshluta vegna veikleika í flutningskerfinu. Ekki verður flutningsfyrirtækið, Landsnet, sakað um skort á framkvæmdavilja. Skipulags- og leyfisferlin eru hins vegar afar tafsöm og margir aðilar sem geta komið í veg fyrir eða tafið framkvæmdir.

Verði þetta frumvarp að lögum einfaldast leyfisveitingaferlið auk þess sem staða kerfisáætlunar Landsnets fær mun traustari sess m.a. í samhengi skipulagsmála. Þá er mikilvægt að frumvarpið gerir ráð fyrir að samráðsferli á fyrri stigum dragi verulega úr hættu á því að fram komi ágreiningur á síðari stigum, þ.e. þegar á framkvæmdastig er komið.

Samorka styður því eindregið að frumvarpið verði samþykkt, í þeirri mynd sem það nú er.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri